

1855. á þessu svæði langtum færri að tölu en á Breiðafirði, og að
 22. marz. lyktum: þar eð ekki er ástæða til að gjöra undantekningar frá
 nýju lagaboði þar sem efi leikur á, heldur einungis þar, sem
 brýn nauðsyn er sýnd fyrir því, en ekki verði sjöð, að það sje
 um þessa uppástungu bænarskrárinna, og hafði konungsfulltrúi
 einnig ráðið frá henni.

24. marz. **8. Auglýsing frá innanríkisstjórninni um aukagjald
 fyrir sum utanríkisskip sem sigla til Íslands.**

Eptir uppástungu innanríkisstjórnarinnar hefur Hans Hátign
 Konunginum 22. dag þ. m. allramildilegast þóknast að skipa
 svo fyrir, samkvæmt lögunum um siglingar og verzlun á Íslandi
 15. dag aprílmánaðar f. á. 7. gr., að öll utanríkisskip, sem sigla
 til Íslands til verzlunar, nema þau, sem eiga heima í Stóra-Bret-
 landi eða Írlandi, eigi fyrst um sinn, frá 1. apríl þ. á. til 31.
 marz 1856, auk gjalds þess, sem til er tekið í 6. gr. í greind-
 um lögum, enn fremur að greiða 2 rd. aukagjald af hverju
 lestarrúmi í skipinu eptir dönsku máli, nema því að eins, að skip
 þegna Danakonungs hafi fullkomnið jafnrjetti við innlend skip í
 því landi, þar sem skipið á heima, eða að það land, eptir samn-
 ingi við hina dönsku stjórn, sje undan þegið ákvörðuninni í 7.
 gr. í opt nefndum lögum.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptir-
 breytni.

28. marz. **9. Tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. gjörum kunn-
 ugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa
 alþingis um frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt, til tilskip-
 unar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, bjóðum Vjer og
 skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á sunnudögum og öllum öðrum dögum, sem eptir
 lögum þeim, er nú gilda, á að halda heilaga, má, einkum um
 messutímann, enga ónauðsynlega vinnu vinna, og engar almennar
 eða hávaðamiklar skemmtanir fara fram, fyrir en eptir miðþaptan,